

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júní 2014
Tilvísun: UST20140500237/ksj

Miðengi Grímsnesi, tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar-Álfabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnессýslu bs. er barst 27. maí sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðarinnar Álfabyggðar í landi Miðengis. Deiliskipulagstillagan nær til 48 ha svæðis og eru lóðirnar áætlaðar 56. Fram kemur í greinargerð er fylgir uppdrætti að viðkomandi landsvæði sé í um 100 m h.y.s. og er gróft gróið hraun.

Náttúruminjar

Ofangreint skipulagssvæði sem er 48 ha er þakið grófu grónu hrauni og bendir Umhverfisstofnun á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 nýtur nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Einnig bendir stofnunin á að hluti Álfabyggðar nær inn á svæði á náttúruminjaskrá sem er Kringlumýri, en þar eru smámýrasund innilokuð af hrauni. Nú þegar eru frístundahús á svæði Kringlumýrar sem er á náttúruminjaskrá, því er mikilvægt að halda í það sem er óraskað af votlendi á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þótt það sé stefna sveitarfélagsins að landnotkunin frístundabyggð nái óslitið frá Biskupstungnabraut að Búrfelli, þá sé náttúruminjum eins og smámýrarsundum og fallegum grófum hraunmyndunum þar sem vex upprunalegt birki, haldið ósnortnum og þær verndaðar.

Fráveita

Fram kemur í greinargerð skipulagstillögunnar að frekar er kosið að hver lóð hafi sína rotþró, fremur en að komið sé upp sameiginlegri fráveitu. Mikilvægt er að farið sé að leiðbeiningum um rotþrær til að tryggja virkni þeirra.

Skipulagssvæðið

Athygli vekur hve reglulega lóðum er raðað meðfram götum sem minna á þéttbýlishverfi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að einhverjum hluta hins grófa hrauns sé haldið ósnortnum.

Virðingarfyllst

Kristin S. Jónsdóttir

Sérfræðingur

Kristin S. Jónsdóttir

Björn Stefansson
Björn Stefansson
Sérfræðingur